



# Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull


## DAGSKRÁ

20.maí – 10.sept. 2009

### Velkomin í þjóðgarðinn Snæfellsjökul!

Tjaldstæði eru ekki innan þjóðgarðsins en gangandi og hjólandi ferðalöngum er velkomið að tjalda til einnar nætur – Virðum náttúruna, stygjum ekki fugla, hlífum gróðri og minjum, tökum með okkur allt rusl, ökum ekki utan vega. Þökkum tillitsseminna.

Símar 436 6888/436 6860, netfang [snæfellsjokull@ust.is](mailto:snæfellsjokull@ust.is), [www.ust.is](http://www.ust.is)



### Gestastofa á Hellnum

Gestastofa þjóðgarðsins á Hellnum er opin alla daga frá 20. maí til 10. september frá kl. 10-18. S. 436 6888.

# Sérferðir og atburðir

Auk reglubundinnar dagskrár er boðið upp á ýmsa viðburði, göngur og náttúruskoðunarferðir undir leiðsögn landvarða og annarra sérfræðinga. Þær eru öllum opnar og gestum að kostnaðarlausu nema gangan á Snæfellsjökul.

## Er rebbi heima?

### Heimsókn að refagreni

Laugardaginn 13. og sunnud. 21. júní kl. 14. Farið verður að refagreni með leiðsögn Sæmundar Kristjánssonar. Staðsetning auglýst síðar. **2 klst.**

## Viltu læra að lesa blóm?

### Dagur villtra blóma 14. júní

Sunnudagurinn 14. júní er Norrænn dagur villtra blóma og verður af því tilefni blómaskoðunarferð við Rauðhól kl. 14. **2 klst.**

## Sumarsólstöðuganga á

### Snæfellsjökul 19. júní

Á sumarsólstöðum verður miðnæturganga á Snæfellsjökul í samvinnu við Ferðafélag Íslands. Gengið úr Eysteinsdal og hefst gangan kl. 21. Hafið með ykkur nesti og hlý föt, legghlífar mjög æskilegar og gott að hafa með sér göngustafi. **4-6 klst.** Skráning hjá Ferðafélagi Íslands s:568-2533, verð 4000 kr.

## Helgiganga um Jónsmessu

Tveggja daga helgiganga þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og Ingjaldshólskirkju. Fyrri daginn, 23. júní, er lagt af stað kl. 19:30 gengið til kl. 2:30.

Seinni gangan hefst á Jónsmessunni 24. júní við Einarlón kl. 16 og lýkur um kl. 22:30. Nánar auglýst síðar.

## Göngum eftir ströndinni

### Laugardaginn 27. júní kl. 11

Skálasnagi - Beruvík. Sögur og fjölbreytt fuglalíf. Leiðsögumaður verður Sæmundur Kristjánsson. Hist við Skálasnagavita. **5-6 klst.**

## Lífið í fjörunni í samstarfi við Vör – sjávarrannsóknarsetur 15. júlí

Það er margt spennandi að sjá, skoða og fræðast um í fjörunni. Hist við Gufuskálavör kl.19. Verkefnið er styrkt af Sparisjóði Ólafsvíkur. **2 klst.**

## Selir og sjómenn 19. júlí

Minjar útgerðar við Búðir skoðaðar og gengið vestur í Selavík þar sem oft má sjá seli. Nokkuð erfið ganga í misgreiðfæru landi. Leiðsögumaður verður Sæmundur Kristjánsson. Hist við Búðakirkju kl.11, **5 klst.**

## Kvöldrölt með Sæmundi 23. júlí

Gengið um gamlar götur í Seljahrauni þar sem rústir selja eru sýnilegar. Gengið frá Stakkabrekkum eftir Efstavegi áleiðis að Hólahólum. Leiðsögumaður verður Sæmundur Kristjánsson. Hist við gatnamót að Klofningsrétt kl.19, **3 klst.**

## Í fótspor Jóhannesar 9. ágúst

Gengið í spor Jóhannesar Helgasonar frá Gíslabæ í fylgd Sæmundar Kristjánssonar. Hist við Móðulæk, við gatnamót upp í Eysteinsdal kl.11 og gengið að dánarstað Jóhannesar. **3 klst.**

# Vikuleg dagskrá Þjóðgarðsins

## 28. júní – 14. ágúst 2009

Í Þjóðgarðinum bjóða landverðir upp á fasta dagskrá. Hún er öllum opin og er gestum að kostnaðarlausu. Göngur eru jafnan auðveldar.

### **GAMAN SAMAN - kl. 11 – 12 laugardaga**

#### **BARNA- OG FJÖLSKYLDUSTUND á Arnarstapa.**

Landverðir taka á móti börnum alla laugardaga kl. 11 við Arnarbæ á Arnarstapa og rannsaka með þeim náttúruna, segja sögur, fara í leiki og margt fleira skemmtilegt. Barnastundir eru miðaðar við börn 6-12 ára. Foreldrum er velkomið að taka þátt með börnum sínum. **1 klst.**

### **GÖNGUFERÐIR MEÐ LEIÐSÖGN**

#### **Vermannaleið - Laugard. kl. 14, Sandhólar - Djúpalónssandur.**

Gestir hitta landverði kl.14 við bílastæðið á Djúpalónssandi. Þar er sameinast í bíla og haldið að bílastæði við Sandhóla. Frá Sandhólum er gengið eftir gamalli vermannagötu um Beruvíkurlhraun og yfir í Dritvík og minjar einnar stærstu verstöðvar landsins skoðaðar. Gangan endar á Djúpalónssandi. **2-3 klst.**

#### **FÓLKIÐ OG FLÓRAN - Sunnudagar kl. 14, Búðir – Frambúðir.**

Gestir hitta landverði við Búðakirkju kl. 14. Auðveld ganga í gegnum blómaskrúð og hraunmyndanir að Frambúðum þar sem minjar eru um útgerð fyrri tíma. Þeir sem vilja geta fengið tilsögn um göngu að Búðakletti. **1-2 klst.**

#### **LÍFIÐ Í BJARGINU - Þriðjudagar kl. 14, Svalpúfa – Lóndrangar.**

##### *Aðeins á ensku*

Landverðir taka á móti gestum hjá bílastæðinu við Svalpúfu. Rölt er fram á Þúfubjarg þar sem Kolbeinn og kölski kváðust á forðum. Í bjarginu er mikið fuglalíf og stundum lætur tófan sjá sig á þessum slóðum. Gengið að Lóndröngum en þar eru minjar um vermennsku fyrri tíma. **1 klst.**

#### **UNDRASMÍÐ NÁTTÚRUNNAR- fimmtud. kl. 14, Arnarstapi-Hellnar.**

Gestir hitta landverði við útsýnispall yfir höfnina á Arnarstapa. Gengið meðfram ströndinni og klettarnir og fuglalífið skoðað. Gangan endar á Hellnum þar sem hægt er að fá sér kaffisopa, skoða gestastofu þjóðgarðsins og röltta svo til baka. **1-2 klst.**

## Viðburðadagatal þjóðgarðsins Snæfellsjökuls 2009

Miðvikud.	20.maí	Kl. 10-18	GESTASTOFA Á HELLNUM OPNAR - OPIN ALLA DAGA TIL 10. SEPT.	
Laugard.	13.júní	Kl. 14-16	Refaskoðunarferð – Staðsetning auglýst síðar	2 klst.
Sunnud.	14.júní	Kl. 14-16	Viltu læra að lesa blóm? Dagur villtra blóma. Við Rauðhól	2 klst.
Föstud.	19.júní	Kl. 21	Sumarsólstöðuganga á Snæfellsjökul	4-6 klst.
Sunnud.	21.júní	Kl. 14-16	Refaskoðunarferð – Staðsetning auglýst síðar	2 klst.
Þriðjud.	23.júní	Kl. 19:30	Helgiganga á Jónsmessunótt. Saxhóll-Ingjaldshóll	7 klst.
Miðvikud.	24.júní	Kl. 16 Kl. 22:30	Helgiganga á Jónsmessu. Einarslón-Hellnar Messa í Hellnakirkju að lokinni helgigöngu	6-7 klst. 1 klst.
Laugard.	27.júní	Kl. 11	Strandganga. Sögur og fuglalíf. Skálasnagi - Beruvík	5-6 klst.
Sunnud.	28.júní	Kl. 14-16	Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir	1-2 klst.
Þriðjud.	30.jún	Kl. 14-15	Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalpúfa-Lóndrangar <i>á ensku</i>	1 klst.
Fimmtud.	2. júlí	Kl. 14-16	Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar	2 klst.
Laugard.	4.júlí	Kl. 11-12 Kl. 14-16	Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa Vermannaleið – Gönguferð Sandhólar- Djúpalónssandur	1 klst. 2-3 klst.
Sunnud.	5.júlí	Kl. 14-16	Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir	1-2 klst.
Þriðjud.	7.júlí	Kl. 14-15	Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalpúfa-Lóndrangar <i>á ensku</i>	1 klst.
Fimmtud.	9.júlí	Kl. 14-16	Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar	2 klst.
Laugard.	11.júlí	Kl. 11-12 Kl. 14-16	Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa Vermannaleið – Gönguferð Sandhólar- Djúpalónssandur	1 klst. 2-3 klst.
Sunnud.	12.júlí	Kl. 14-16	Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir	1-2 klst.
Þriðjud.	14.júlí	Kl. 14-15	Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalpúfa-Lóndrangar <i>á ensku</i>	1 klst.
Miðvikud.	15.júlí	Kl. 19-21	Lífið í fjörunni – Fjöruferð í Gufuskálavör	2 klst.
Fimmtud.	16.júlí	Kl. 14-16	Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar	2 klst.
Laugard.	18.júlí	Kl. 11-12 Kl. 14-16	Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa Vermannaleið – Gönguferð Sandhólar- Djúpalónssandur	1 klst. 2-3 klst.
Sunnud.	19.júlí	Kl. 11 Kl. 14-16	Selir og sjómenn – Ganga um Búðahraun vestur í Selvík Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir	5 klst. 1-2 klst.
Þriðjud.	21.júlí	Kl. 14-15	Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalpúfa-Lóndrangar <i>á ensku</i>	1 klst.
Fimmtud.	23.júlí	Kl. 14-16 Kl. 19	Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar Kvöldrölt með Sæmundi - Stakkabrekkur að Hólahólum	2 klst. 3 klst.
Laugard.	25.júlí	Kl. 11-12 Kl. 14-16	Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa Vermannaleið – Gönguferð Sandhólar- Djúpalónssandur	1 klst. 2-3 klst.
Sunnud.	26.júlí	Kl. 14-16	Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir	1-2 klst.
Þriðjud.	28.júlí	Kl. 14-15	Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalpúfa-Lóndrangar <i>á ensku</i>	1 klst.
Fimmtud.	30.júlí	Kl. 14-16	Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar	2 klst.
Laugard.	1.ágú	Kl. 11-12 Kl. 14-16	Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa Vermannaleið – Gönguferð Sandhólar- Djúpalónssandur	1 klst. 2-3 klst.
Sunnud.	2.ágú	Kl. 14-16	Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir	1-2 klst.
Þriðjud.	4.ágú	Kl. 14-15	Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalpúfa-Lóndrangar <i>á ensku</i>	1 klst.
Fimmtud.	6.ágú	Kl. 14-16	Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar	2 klst.
Laugard.	8.ágú	Kl. 11-12 Kl. 14-16	Gaman saman – Barnastund á Arnarstapa Vermannaleið – Gönguferð Sandhólar- Djúpalónssandur	1 klst. 2-3 klst.
Sunnud.	9.ágú	Kl. 11 Kl. 14-16	Í fótspor Jóhannesar Helgasonar frá Gíslabæ Fólkið og flóran – Gönguferð Búðir-Frambúðir	3 klst. 1-2 klst.
Þriðjud.	11.ágú	Kl. 14-15	Lífið í bjarginu – Gönguferð Svalpúfa-Lóndrangar	1 klst.
Fimmtud.	13.ágú	Kl. 14-16	Undrasmíð náttúrunnar – Gönguferð Arnarstapi-Hellnar	2 klst.

**Tökum ekkert nema myndir og minningar,  
skiljum ekkert eftir nema létt fótspor okkar!**